

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga 700 m.kr. á fyrri hluta ársins 2016

Hagnaður tímabilsins nam 700 milljónum króna samanborið við 414 milljónir króna á sama tíma árið 2015.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 76.719 milljónir króna á móti 77.111 milljónum króna í árslok 2015. Heildarútlán sjóðsins námu 71.045 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 71.574 í árslok 2015. Þá nam eigið fé 16.889 milljónum króna á móti 16.712 milljónum króna í árslok 2015 og hefur hækkað um 1% á tímabilinu. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 80% en var 79% í árslok 2015.

Helstu niðurstöður í milljónum króna:

Rekstur fyrstu 6 mánaða ársins	1.1.-30.6.16	1.1.-30.6.15
Hreinar vaxtatekjur.....	533	482
Aðrar rekstrartekjur (gjöld).....	6	46
Almennur rekstrarkostnaður.....	104	85
Hagnaður tímabilsins.....	700	414
Efnahagur í lok tímabils	30.jún.16	31.des.15
Handbært fé.....	5.053	5.176
Útlán og kröfur.....	71.045	71.575
Eignir samtals.....	76.719	77.111
Verðbréfaútgáfa.....	54.394	54.382
Aðrar lántökur.....	5.250	5.939
Skuldir samtals.....	59.830	60.399
Eigið fé.....	16.889	16.712
CAD- hlutfall (Basel II).....	80%	79%

Framtíðarhorfur

Lánasjóðurinn mun starfa í meginatriðum líkt og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og aukinni þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að útvega sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.